

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Mosfellsbæ.

Deiliskipulag fjögurra frístundalóða við Hafravatn, þjskrnr. 9700-3260, 9700-3250 og 9700-3130.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag fjögurra frístundalóða við Hafravatn, þjskrnr. 9700-3260, 9700-3250 og 9700-3130 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Í deiliskipulaginu felst að á fjórum þegar afmörkuðum lóðum er settur rammi um nýbyggingar og frágang.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, svæði 5 og 6, vegna byggingar öryggisíbúða og hjúkrunarheimilis við Hlaðhamra.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Mosfellsbæjar, svæði 5 og 6, vegna byggingar öryggisíbúða og hjúkrunarheimilis við Hlaðhamra í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Breytingin felst í því að heimilað er að byggja þriggja til fjögurra hæða hús austan við þjónustumiðstöðina Hlaðhamra með einnar hæðar tengibyggingu. Í nýbyggingunni verða alls 40 íbúðir. Á svæðinu næst Langatanga er heimilt að reisa 3 hæða byggingu fyrir hjúkrunarheimilli og þjónustumiðstöð fyrir aldraða. Einnig er aðkomu að leikskólanum Hlið og þjónustumiðstöðinni Hlaðhömrum breytt svo og bílastæðum fyrir leikskólann Hlaðhamra. Megingöngustígur frá Langatanga að miðbæ er færður að Skeiðholti.

Deiliskipulag Krikahverfis og breyting á miðsvæði.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt deiliskipulag Krikahverfis og breytingu á miðsvæði í samræmi við 25. gr. og 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Um er ræða nýtt íbúðarsvæði með 199 íbúðum í einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishúsum auk breytinga á miðsvæði sunnan Reykjavegar.

Skipulags- og byggingarskilmálar og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu þess. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar, 28. október 2005.

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.

B-deild – Útgáfud.: 10. nóvember 2005